

HEIMIR

III. útgangur

WINNIPEG, 1907.

12. blað.

Horfur frjálsra trúumála.

F



LESTIR, er nokkuð fylgjast með því, sem er að gjörast í skóla- og kyrkjuheiminum, hljóta að viðurkenna það, að vegur frjálsta trúarskoðana hefir aldrei staðið með jafn miklum blóma og einmitt nú. Til hvaða lands sem litið er, norðan miðjarðarlínu, er yfirstandandi tími að skrifa með stórum stöfum á blað sögunnar orðin: „Pekking og Trúfrelni.“

Heimir getur tæpast leitt hjá sér, að minnast þessara minnisverðu tíðinda, áður en hann færist inn á fjórða árið.

Það er orðinn stór munur hjá því sem var fyrir tæpum 20 árum síðan, þó ekki sé lengra farið til baka. Þá stóðu enn með miklum blóma deilurnar yfir stefnu bibliú-rannsóknanna. Þá urðu þeir sem héldu fram Breytiþróunarkenningunni að hafa sig alla við, ef þeir áttu að fá áheyrn út á meðal manna. Þá var mjög ervitt um að fá nokkurn styrk til fornfræðislegra rannsókna í bibliulöndunum fornu, (Egyptalandi, Palistina, Babylon). Og menn lento í sannarlegum mannaraunum hvað atvinnubrögð og vinsældir snerti, ef þeir urðu nokkurs vísari við þessar rannsóknir, og sögðu frá því.

Alt þessháttar er nú löngu horfið. Enda er nú árangurinn óðum að koma í ljós. Á allar hliðar er hjátrúar óttinn horfinn, og helst að eins við á eyðimörkum og auðum stöðum eins óhreinn andi á öndverðri tíð. Allar hinar nýrri kenningar eru viðteknar og menn hlýða á þær gjarnan. Trúartilfinning manna anna hefir aldrei verið eins þrungin af framtíðarvonum og aldrei

verið eins frí við heimsku og hindurvitni. Virðing syrir sannleika, réttlæti og mannúð fer vaxandi með degi hverjum. Ófagur hugsunarháttur og ógöfug trúarkredda er farið að verða mönnum eins tilfinnanlega leitt eins og illverk og ófagrarr gerðir.

Rannsóknum heldur áfram. Austurlenzku fornfræðafélög-in skortir hvorki fé né tilhjálp að rannsaka rústir fornra menningarstaða. Það er vegna virðingar fyrir því sanna, og eins að láta jafnvel dauðan bókstaf ná rétti sínum, að enn er leitað að skýringargögnum fyrir ýmsum kenningum og stadhæfingum ritningaránnar, að bibliurannsóknirnar eru ekki alveg hattar og álitnar loknar. Það er til þess að skilja og komast ennþá betur að menningu og tíðaranda höfunda hinna fornu rita, að enn er verið að róta til rústum fornaldarborga Austurlanda, en ekki vegna þess að það álit sé ekki fyrir löngu orðið ofan á, að *ekki cítt einasta orð þeirra rita sé innblásið*. Það er löngu samþykt. En bíblían er rétthá bók, er öldum saman hefir ráðið yfir hugum og hjörtum, svo að segja allra Norðurálfu og Vesturálfu búa. Hún á því skilið að henni sé allur sómi sýndur sem sérstökri ritin fornaldarinnar, og það ekki sízt, fyrst rannsóknir um gildi hennar og uppruna leiða til svo mikillar og fjölbreytilegrar þekkingar á öðrum greinum, sem síðum fræðum og menningu þeirra tíma.

En niðurstaða þessara rannsókna er orðin að almennings eign, og því farið að hreinsa til. Það er eins og menn séu farnir að gera sér almennan eldhúsdag. Það hefir verið leitað að nýjum grundvelli, er byggja mætti á lífsskoðanir manna, er meir væri samhljóða nútíðar þörfum en sá eldri, -- sameiginlegum fyrir trú, siðgæði, hversdags breytni. Og um leið er gert nýtt mat. Vald kenningaránnar hvílir ekki lengur í kyrkjunni, sem guðlegri stofnun, ekki í opinberun sem guðlegri bending til mannanna, ekki í afturhvarfi og trúarhita, sem náðarverkum heilags anda, heldur í samvizku lögmalinu sjálfu og skynsemis samþykki sérhvers manns. Sé matsmiðill trúarinnar óeðlilegur, þá er trúin áhrifalaus og breytni og hugarfar manna semur sig eftir öðru sannleiksgildi, skapar sér nýtt réttlætis mið. Og hvort sem kyrkju og prestum hennar þóknast að kalla það „ó-

kristilegt" eða ekki, fara þeir sem hlýða samvirkuskipuninni á undan setningaboðum vanans, ekki hótið minsta eftir því.— Mönnumnum miðar áfram, jörðin snýst, og vilji kyrkjutrúin ekki „snúa sér líka og lifa“, þá fer hún veg allrar veraldar og deyr?

Og það er þetta, sem nútíðin er að sýna oss bétur og betur. Þegar trúin sjálf vill ekki viðurkenna það sannleiksgildi, sem skynsemin krefst—þegar hún vill ekki snúa sér og lifa, snúa menn sér frá henni til þess að bjarga lífi sinna hæstu og dýrmætustu hugsjóna, lífi þess, sem gerir hjartað tómít og snautt að lifa án, og æfina gæsu og gleði snauða.

Þessir menn eru ekki trúlausir fyrir því. Þeir trúua á lífið, en ekki dauðann. Á upprisuna í lifanda lífi úr huggunarsnauðum fávizku gorgeir og synda drýgindum til æðri tilveru er taka í faðm sér gleðina, ljósið og daginn.

Það þarf tæplega að minna á trúfreldis framfarirnar á Fraklandi á síðastliðnu ári, þegar verið er að ihuga horfur frjálsla trúmála, svo mikið er búið að rita um það mál og ræða, sem eðlilegt er. Yfir drottun kaþólskunnar, er staðið hefir þar í landi nú í 18 aldir, að kalla má, er nú lokið, og kyrkjan verður að sætta sig við það hér eftir að þiggja vald sitt og friðhelgi frá lýðstjórninni frönsku og slá af fornum metnaði, að hjá sér sé „mátturinn og dýrðin“. Franska kaþólskan lagði til einhverja fyrstu píslarvotta kyrkjunnar þegar á annari öld, en nú er það fer að kosta það að gera þjóðina að píslarvottum á 20. öld til þess að viðhalda lífi þessarar fornu stofnunar, tekur lög-gjafarvald þjóðarinnar í strenginn.

Út um Evrópu hefir þetta tiltæki Frakka orðið frjálstrúar-hreyfingunum til stórmikils sigurs. Á Þýzkalandi hefir frjálstrúarmönnum fjölgæð að stórum mun, og eru þar nú fjölmenn félög, er vinna að útbreiðslu frjálsla trúarskoðana. Mætti nefna Rínár-sambandið, Rínár og Vestphaliska sambandið, Protestantent-Verein og safnaðarfélag Fríhyggjenda. Öll þessi félög telja nú orðið yfir 2000 söfnuði og 300.000 meðlimi. Trúarkenningar þeirra eru það sem vér höfum hér Unitarar, þótt þau gangi undir þessum ýmsu nöfnum. Áhrif þeirra eru farin

að verða mjög sterk innan þýzka veldisins, og er það á vitorði flestra, að til þeirra teljast fullur helmingur háskólakennara landsins. Það heyrðist auk heldur, að um þingkosningarnar síðustu hefði Vílhjálmur keisari verið alvarlega að hugsa um, hvort ekki væri tími tilkominn, að nema úr lögum rískirkjuna.— Kyrkjutímarit landsins eru altaf að verða víðsýnni og frjálslyndari, og rekur þar nú hver ritgerðin aðra eftir helztu frædimenn Norðurálfunnar. Alt þetta hefir áhrif á hugsunarhátt almennings, sem óðum er að hneigjast í frjálslynda átt.

Sömu fréttir berast frá Bæheimi og Austurríki, og er „Los von Rom“ hreyfingin búin að ná mikilli fótfestu. Formaður þessarar stefnu, Tomas Masaryk kennari við háskólann í Prag, hefir orðið fyrir miklum ofsóknunum frá kaþólika hálfu og hefir hann nýlega gefið út bók um það efni, er hann nefnir „Katholenspiegel“. Í henni flettir hann hlíðarlaust ofan af 168, undirferli, hrænsi og fláttskap páfatrúarklerka, og hefir það orðið til þess að félag hans hefir stórum vaxið að virðingu og kröftum. Það má lítillega marka hver dugur er í þessari hreyfingu, að síðan 1898 hafa bæzt 200 nýir söfnuðir við félagið.

Suður um Ítalíu og Spán er vaknaður sami áhuginn með að hreinsa til í trú meðal æðri stéttar manna. Ítalía er að nafninu kaþólsk, en meðan á trúaræsingnum stóð á Frakklandi lá við borð að slægi í almennar óeirðir gagnvart páfanum. Og síðan hafa þotið upp víðsvegar um landið alskonar félög, sem biðja um algerðan aðskilnað ríkis og kyrkju. Má af því marka, að nafnið eitt getur lítið til kynna hverju maðurinn trúir innan orþodoxu kyrkjunnar meðan ekkert tillit er tekið til neins annars. Þó á það að líkindum eftir að koma betur í ljós síðar, bæði þar og víðar.

Eins og kunnugt er hefir verið rýmt mikið um hagi manna innan rússnesku kyrkjunnar. Hún er ekki lengur einvöld þar í landi, heldur getur nú hvaða protestantiskur trúarflokkur sem er reist sér þar kyrkju, myndað söfnuði og fengið lagalega vernd, þegar um lög er að ræða.

Þá er ekki minna um vert framgang þann sem Únitarar hafa átt í Bandaríkjunum og á Englandi. Á þessum vetri ein-

um hafa verið stofnsettar 19 kyrkjur viðsvegar vestur um Bandarískin. Milli 10 og 20 prestar hafa gengið inn í Unitarafélagið frá öðrum kyrkjudeildum, og á árinu hefir verið safnað \$150 þúsund til þess að byggja fyrir kyrkjur og koma á fót söfnuðum þar sem engir voru fyrir áður. Til þessa sjóðs hefir hver söfnudur lagt ein sunnudagssamiskot, og er ekki haqt annað að segja en að Unitarar séu enn nokkurn veginn vel vakandi, að hafa saman þessa upphæð á þenna hátt, þótt heyrzt hafi að þeir væri heldur í afturför.

Pá er og mikill undirbúningur með alsherjarþing frjálstrú-
armanna, er haldast á í Boston í haust. Þar mæta erindrekar
frá flestum þjóðum heimsins, aukheldur Kína, Japan og Ind-
landi. Þetta er í fjórða skifti, er þing þetta kemur saman og
hefir það áður verið haldið í Lundínnum, Haag og Genf. Þúist
er við að það verði sjölmennara þetta ár en nokkrum sinni áður,
og er óskandi að einhver Íslendingur sæki það nú í þetta sinn,
því ekki eru færri frjálshugsandi menn meðal þjóðar vorum en
annara þjóða, að sömu hlutföllum. Er nú Jón Ólafsson ritstj.
farinn að gerast of gamall til ferðalaga—og bregða sér nú einu
sinni enn til Ameríku og skjótast þá vestur til Winnipeg um
leið og flytja hér eina messu? Hann þarf ekki að óttast það að
hann findi hér ekki trú á jörð þegar hann kæmi hingað í annað
sinn. Og margs er að minnast á fornum sláðum, og sá Farao
er ekki enn kominn til valda, er ekki þekkir Josep.

Hversu frjálsum trúmálum líður meðal Íslendinga þarf ta þa-
ast að minnast. Þeir sem nokkra eftirtekt hafa veitt blöðum
vorum að heiman, eru því vel kunnir. Öndverðir flokkar hafa
að vísu ekki risið upp gagnvart kreddum og hleypidómum, en
kyrkjan sjálf á Íslandi hefir sínámsaman verið að fella af sér
horn og klaufir. Svo mikil kveður að því, að nokkrum mönn-
um virðist nauðsynlegt að mynda þar sérflokka til viðhalds
gömlu öfgunum og ofstækinu. Þeir nefna sig „Innri-missiónar“
menn. En trúin á eilífa útskúfun o. s. frv. er dauð meðal allra
Íslendinga. Enda nýtur sú stefna lítillar hylli meðal vorra
beztu manna. Næstum hver einn einasti merkur Íslendingur í
Reykjavík, á Akureyri og viðar, eru ákvæðir mótmælendur

síkra kenningu. Þarf ekki annað en minna á Helga Pétursson Þorstein Erlingsson, vort göfugasta frelsisskáld, öldunginn Matth. Jochumson og Jón Ólafsson, frumherja kykjunlegs frelsis í landinu, Guðm. Hannesson, Einar Hjörleifsson og ráðherrann sjálfan. Þó menn geti deilt um það, ef þeir vilja, að Hannes Hausteinn hafi verið hikandi í undirskrifstarmálunum, þá festum vér enga trú á því, en það er ekkert hik í ljóðum hans að kveða kjark og sjálfsvirðingu inn í þjóðina: „Kyrkjan, kyrkjan hún brennur“—þótt madömuþilsid flaggi í hálfa stöng —hennar fánamark—hennar „hvíti kross í bláum grunni“, við hjónavígslur og önnur hátiðleg tækifari,— ef hún leyfir ekki að grafa eftir gallinu, eða á meðan Heimskan „pattaralega prumpar í prédikunarstól“.

Pá eru og ótaldir próf. Finnur og dr. Valtýr, Björn rektor og Sigurður Guðmundsson, einhver einarðasti og efnilegasti skólamáður er vér eigum til.

En nóg er nú talið til þess að benda á að framtíðarhortur frjálsra trúmála hafa aldrei verið jafnglæsilegar og nú. En áfram betur. „Heilir hildar til, heilir hildi frá, hermenn vorgróðurs Ísalands“.



HVAÐ SÉ EG - - - ?

Hvað sé eg þar í suðurátt - - ?
Eg sé úr arni gneista fljúga,
og drungaloftið dimt og grátt,
og dulið margt,— svo kreppi'
eg hnúa.

En bakvið drungann sé eg sól,
og svarta þilið meyjarauga.—
Eg sé í rökkri rammra hauga
á regingilda Urðar drauga.
er sitja á fáðum silfurstól.

En krapt er þó um útsýn enn,
því enn oss vilja sjónir glepja
þeir draugar:— kyrkja' og
kreddu-menn;
og kalt er enn, og svipuð nepja.
En þörfin heimtar þokurof;
og þekkingin—hið djúpa auga,
mun horfa' í gröf þá hinstu
drauga,
og hlýum geislum jörðu lauga,
og jafrna að grunni ið hinsta hof.

Vidar.

Sigurbjörn Stefánsson.

„Það veit jú enginu lifandi maður hvað Sigurbjörn vill og hans líkar“, sagði íslenzki oflátungurinn frá Khöfn, er hann af einskærri matarást hafði tekið sinnaskiftum.


Ekki var þó í þá daga talað dult eða það sem menn kalla undir rós. Og sízt var það eiginleiki Sigurbjarnar Stefánssonar að tala svo að eigi skildist hvað hann vildi. Og ekki var því um að kenna þó honum yrði minna ágengt með það, sem hann vildi að fræmgang fengi í félagslífini meðal landa sinna, heldur hinu, hvað fáir fylgdu honum, og þeir fáu, veilir og hálfir.

Þá stóðu róstur og rifrildi, sundrung og úlfúð, meðal landa hér í bæ, í sem mestum blóma—hefir aldrei náð slíkum vesti og viðgangi.

Þá var kyrkjufélagsskapurinn íslenzki fyrst að láta til sín taka. Hafði hann í mörg horn að líta í þá daga, eins og raunar enn, því auk hans voru hér mörg önnur félög als annrarar tegundar, en hart í ári og peningalítið, menn á dreifingu, hvað skoðanir áhrærði, og af því leiddi svo sundurlyndi og rugling.—

Varð svo út úr þessu, að nokkurum mönnum, sem frjálastir voru, fanst lífð hér eins og í einhverjum böndum, og að tilraunir væru gerðir til þess að breiða fyrir og skyggja á hverja andlega ljósglætu.

Sá sem eiginlega hafði orð á þessu þá, var Sigurbjörn. Og



SIGURBJÖRN STEFÁNSSON,

hann langaði til þess að losa það sem bundið var, og setja ljésið þar sem ekki yrði skygt á það. Hann sá þá strax, að til þess þurfti nokkra yfirburði yfir hina, fann að sig skorti mentun og sterkt fylgi, en kjarkur og kapp lét hann ekki afskista-lausan, það hvatti hann til fransóknar, og hann hlýddi því.

Hann var því maður á bezta aldri, „þéttur á velli og þéttur í hund”, hraustur til sálar og líkama, gáfaður og prýðilega máli farinn.

En eins og eg hefi sagt, var honum miður að málum fylgt en skyldi.

Stóð hann því, að heita mótti, einn síns liðs. En ekki verður annað sagt en sóknin væri allhörð.

Sigurbjörn var stiflyndur maður, og að lægja seglin var ekki um að tala.

Hann lét því gammánn geisa meðan kappið entist, og sögðum við, sem ekki voguðum út fyrir landsteinana, að auðþekkt væri víkingssnekkjan.

Eins og Sigurbjörn var sterkur trúmaður, eins varð hann ákveðinn vantrúarmaður. Það var ekki hálfverk á skoðunum hans, og hann var allur þar sem hann var og kunni ekki að hræsna.

Af þessu fékk hann marga óvildarmenn og hatur þeirra, sem heitastir voru í trúmálum kyrkju sinnar, því hann fór hvorki dult né hóglega með vantrú sína eða öllu heldur trúleysi —þvert á móti.

Hann setti sig víst sjaldan úr færi að láta fólk fá að vita sína skoðun á trúmálum, og gerði hann það með meiri hita en æskilegt hefði verið.

Nokkura góðkunningja átti Sigurbjörn, er tók sárt til hans að sjá hann eyða tíma og kröftum ekki til neins, og var honum sýnt fram á það, að það myndi til lítils að berjast við fjöldann, en það var ekki við það komandi að láta undan síga, þó liðsmunur væri stór.

Oft fann Sigurbjörn sárt til þess, hvað ónógrar mentunar hann hafði notið.

Hann hafði þá skoðun, sem allmargir landar hafa enn, að

með skólaþærðomi gætu menn hér um bil alt, sem þeir á annað borð reyndu, en án hans, svo sem ekki neitt. Honum graundist hvað menn voru þróngsýnir og héldu sig að gömlum venjum, hvað lítið honum varð ágengt og hvað fáir skildu hann.

Honum virtist altaf vera hert á böndunum, og ljósið vera að deprast.

Svo fór hann að sjá það, betur og betur, að möguleikinn til þess að hafa fram sitt mál var mjög líttill. Menn voru svo hikandi þegar um eitthvað nýtt var að ræða. Og leiður að sifðustu varð hann á öllu þessu og óánægður við sjálfan sig og aðra.

„Eg hélt eg væri maður,

 Eg hélt eg væri frjáls“.

Segir hann. En svo fanst honum það ekki ætla að rætast, sú hugsun, að hann gæti verið og notið sem frjálshugsandi maður.

Það sést meðal annars á þessari vísu:

Það lægir dug að líða bönd
Og liggja eins og hundur,
Og vita ei af vinarhönd,
En vera tættur sundur.

Og:

Hvar er logn og hvar er ró
Og hvar er ljós að finna?
Alt er reykur, böl þars bjó
Bálför krafta minna!

Svona var hans andlega útsýni, er hann var 34 ára. Ekki var glæsilegt sviðið.

Að lokum dró hann sig út úr öllu félagslifi Íslendinga og gekk fram hjá öllu þeirra braski með fyrirlitningu.

Og hann taldi sér trú um að lífið hérna meðal landa væri einskis verður skrípaleikur og leikendurnir vesalingar og hugsanalausar rolur.

Honum leiddist hér að vera og hafði orð á því, að sig langaði að flytja burtu, en peningar voru þá ekki nógir til þess að fórin yrði til nokkurrar skemtnunar.

En svo flutti hann í burtu í Október 1890, 37 ára, því þá var hann dáinn.

Sigurbjörn fékst tölувvert við ritstörf á tómstundum sínum, og fórst það vel úr hendi.

Bæði skrifaði hann greinar í blöðin, samdi smásögur og orti kvæði, því hann var í betra lagi hagmæltur. Samt held eg honum hafi látið betur að skrifa í óbundnu máli, en að yrkja kvæði.

Hann las mikið, las langt fram á nætur, ýmiskonar bækur, þýðingar á sögum rússneskra höfunda, og þá vora nú bækur Ingersolls ekki ólesnar eða þá það af ritum Brandesar, sem hann gat náð til o. fl.

Sigurbjörn, eins og margir fleiri á þeim árum nýkomnir Íslendingar til þessa lands, bjó við lítil efni og þurfti að stunda daglaunnavinnu til þess að halda saman sál og líkama, og mun honum hafa fundist það eitt með öðru þrengja skóinn.


Aldrei mátti hann heyra Íslendingum hallmælt af enskum mönnum. Þá var eins og komið væri við opið sár á brjósti hans, og tók hann svo greinilega svari landa sinna að þeir, af hérlandum mönnum, sem fyrir því urðu, munu hafa munad það lengur en daginn. Þar kom hið haldgóða efni Íslendinga í ljós, að láta ekki troða á þjóðerni sínu öldungis ekki fyrir neitt.

Þó Sigurbjörn tæki nú svona málstað landa sinna, þá fór því fjarri, að þeir gildu honum í sömu mynt, að örfáum undan-tekningum.

Og þegar hann „gerði upp reikninginn“, sá hann að hann skuldaði heiminum ekkert, því það sem hann hafði þegið hafði hann borgað fullu verði.

Hvað orðið hefir af ritum Sigurbjarnar, við fráfall hans, veit eg ekki, en hitt veit eg, að mörgu lakara hefir á lofti verið haldið, í seinni tíð, heldur en því sem eftir hann lá.

Kr. St.



Kaffisöluhúsið í Surat.

eftir

Leo Tolstoy.

Í smábænum Surat á Indlandi er kaffisöluhús eitt, þar sem fólk af öllum þjóðflokkum kemur saman og ræðir um daginn og veginn.

Einusinni kom þangað persneskur guðfræðingur nokkur. Hann var maður sem varið hafði öllu sínu lífi í að stunda guðfræði og guðfræðislegar rannsóknir og hafði samið urmul af bókum um það efni. Hann hafði í sannleika lesið, hugsað og skrifað svo mikið um guð, að hann var truflaður orðinn og jafnframt hættur að trúá því að nokkur guð væri til. Shainn í Persíu hafði frétt um þetta og gert hann því útlaga.

Eftir að hafa sökkt allri sinni æskutilveru niður í, að hugsa um upphaf tilverunnar, hafði vesalings guðfræðingurinn að lokum gerst truflaður og, án þess að skilja það að hann væri sjálfur ekki með öllum mjalla, áleit hann að umheimurinn hefði nú gerst geggaður.

Guðfræðingur þessi hafði einn svartan þjón, sem fylgdi honum hvert sem hann fór. Þegar hann gekk inn í kaffihúsið varð þjónninn eftir fyrir utan dyrnar og settist þar á Stein í sól- arhitán, og keptist við að reka af sér flugurnar, sem settust á hann. Guðfræðingurinn þar á móti valdi sér sæti í bezta hægindastólnum og bað um bolla af ópíum.

Þegar drykkurinn var farinn að verka á heila hans, hrópaði hann á þjóninn gegnum dyrnar og sagði:

„Segðu mér, þú auðvirðilegi þræll. Álítur þú að nokkur guð sé til?“

„Vissulega er hann til“, svaraði þjónninn um leið og hann dró undan belti sínu viðarlíkneski eitt. „Þetta“ sagði hann, „er sá guð, sem verndað hefir mig frá minni fæðing. Í mínu landi tilbiðja allir trúð, er þessi guð er gerður af.“

Á samtal þetta milli þessara tveggja mjög svo ólíku manna hlustuðu allir, sem viðstaddir voru, mjög undrandi.

Einn Bramatrúarmaður, er þar var staddur, sneri sér að þjóninum, er hann heyrði orð hans og sagði:

„Vesalings asni! Er það mögulegt að þú trúir því að þú getir borið guð undir belti þínu. Það er bara einn guð til og sá guð er Brama, og hann er meiri en öll ríki veraldar, því hann hefir þau öll skapað. Brama er sá eini almáttugi guð, og honum til dýrðar eru öll þau musteri, sem bygð eru á bökkum Ganges-árinnar, og þar vegsama hann þeir eina santrúuðu Brama prestar—þeir cinir, og engir aðrir en þeir, þekkja þann sanna guð. Þúsundir ára hafa liðið, þjóðir hafa liðið undir lok, konungar hrundið af veldisstólum, og samt hafa prestar hans haldið veldissprotanum, því að Brama er sá eini sanni guð og hefir því haldið verndarhendi yfir þeim“.

Pannig talaði Bramatrúarmaðurinn og fanst honum hann hafa hlotið að sannfæra alla sem inni voru. Þá gengdi til Gyðingur, sem þar var staddur:

„Nei“, hrópaði hann. „Musteri hins sanna guðs er ekki á Indlandi. Ekki heldur verndar guð Bramatrúarmenn. Sá sanni guð er ekki guð Bramatrúarmanna, því hann er guð Abrahams, Ísaks og Jakobs. Ekki verndar hann neina nema sína útvöldu þjóð, afkomendur Israels. Frá upphafi vercaldar hefir hann elskat voru þjóð, og voru þjóð að eins. Þótt vér nú séum tvístraðir út um heim allan, er það að eins reynsluskóli, því guð hefir heitið að samansafna sínum og endurreisa musterið í Jerúsalem, og þaðan skal Israel ríkja yfir öllum þjóðum veraldar“. Pannig talaði Gyðingurinn og hefði óefad sagt meira, ef hann hefði ekki brostið í grát,—og ítalskur missiónari, sem þar var staddur, gengt fram í:

„Það sem þú segir“, sagði hann, „er ekki satt. Þú hermir óréttlæti á guð. Hversu ætti hann að elskat eina þjóð fram yfir aðra? Nei, jafnvel þó það sé satt, að í gamla daga tæki hann Israel fram yfir aðra, þá eru nú liðin niftjánhundruð ár síðan þeir reittu hann til reiði og hann tvístraði þjóðinni, syo trú þeirra er útdauð nema hér og hvar. Guð sýnir ekki að hann taki neinn þjóðflokk fram yfir hinn, en kallar alla sem frelsast

vilja að brjóstum hinnar sönnu kaþólsku kyrkju í Réim, en enginn, sem fyrir utan hana stendur, getur hólpinn orðið".

Pannig mælti Ítalinn, en lútherskur prestur, sem var viðstaddir, gerðist mjög litverpur og mælti:

"Hversu vogar þú að segja að þeir einir, er fylgja kyrkju þinni, verði hólpnir. Þeir einir veiða hólpnir, er þjóna guði í anda og sannleika samkvæmt heilagri ritningu og kenningu Jesú Krists".

Tyrkneskur tollþjónn, er hlustað hafði á samtalið, sneri sér þá að þeim, sem talað hafði, með miklum herramanssvip og sagði:

"Þið trúið ykkar rómversku trú árangurslaust. Tólfhundruð árum áður en hún var til, var stofnsett hin sanna trú, Mohameds-trúin. Sú trú heldur áfram að útbreiðast bæði í Evrópu og Asíu, jafnvel út til Kína. Þér segið sjálftir að guð hafi útskúfað Gyðingum, og því til sönnunar segið þér, að Gyðingagjóðin sé niðurlægð og trú þeirra útbreiðist ekki. Takið því Mohamedstrú, því hún ríkir og útbreiðist. Engin veiður hólpinn utan hann fylgi Mohamed, þeim síðasta og rétta spámanni guðs, og það þeir sem fylgja Omer, en ekki Ali, því sá síðari er falsspámaður".

Pessu ætlaði persneski guðfræðingurinn, er var af flokki Ala að fara að svara, en þá var ordin háreysti svo mikil á meðal þeirra, er samankomni voru, því þeir voru menn af öllum trúflokkum, að hann mátti ekki mæla. Abyssiniumenn, kristnir, Lamar frá Tibet, Islamítar, eldsdýrkendur, sáru allir að þræta um tilveru guðs og hvern ætti að dýrka. Allir héldu því fram, að í sín eigin landi þekktist sá eini sanni guð, og að eins þar væri hann réttilega dýrkaður.

Allir þrættu og kölluðu og orguðu hver í kapp við annan, utan Kínverji einn, lærisvejnn Konfúsíusar, er sat þar út í horni og var að sötra te og hlustaði á, en gaf sig ekki að samtalinu.

Tyrkinn tók eftir þessu og segir: "Pú samþykkir víst það sem eg segi, minn góði Kínverji. Pú talar ekkert, en ef þú segðir eitthvað myndurðu haldá fram mínu máli. Kaupmenn úr þínu landi, sem hingað koma, hafa sagt, mér að af öllum

þeim trúarbrögðum, sem boðuð hafa verið í Kína, hafi Mohamedstrúin verið álitin bezt og fest dýpstar rætur. Staðfestu nú orð mín og láttu oss heyra þitt álit um hinn sanna guð og spámann hans".

Allir játtu þessu og snuru sér að Kínverjanum: „Láttu okkur heyra þitt álit".

Kínverjinn, lærisveinn Konfúsíusar, lokaði augunum og sat um stund hugsi. Síðan opnar hann þau, lyftir upp víðu ermum sínum og krosslagði hendurnar á brjóstið og mælti ofurrólega:

„Herrar mínr. Mér virðist það mestmeginnis af stolti að menn geta ekki komið sér saman um trúarbrögð. Ef þér viljið gefa mér hljóð, þá ætla eg að segja ykkur svo litla sögu, sem mun gera þetta skiljanlegt.

Eg kom hingað frá Kína á ensku gufuskipi, er hafði farið í kringum jörðina. Við stönduðum á höfn við Sumatra til að birgja okkur með fersku vatni. Það var um hádegi. Sumir af okkur höfðu lent og sátum í skugga pálmaþartrjánna á strönd inni ekki langt frá þorpinu. Á meðal okkar voru ýmsir þjóðflokkar.

Á meðan við sátum þarna, kom til okkar blindur maður. Okkur var sagt það seinna meir, að hann hefði orðið blindur af því að blína í sólinu. Hafði hann stöðugt starað í hana til þess að gera sér grein fyrir, hvað hún væri, í þeim tilgangi, að fræðast um ljós hennar. Hann hafði reynt þetta tímunum saman, án þess að komast að nokkurri niðurstöðu, en afleiðingarnar urðu þær einu, að hann varð algerlega blindur.

Hann segir þá við sjálfan sig: „Ljós sólarinnar er ekki lögur, því ef svo væri, gætum við helt því úr einu ísláti í annað, og vindurinn hefði áhrif á það líkt og vatn. Ekki er það heldur eldur, því ef það væri eldur, slekti vatnið það. Ekki er það heldur andi, því augu vor sjá það, ekki efni, því þá væri hægt að færa það til. Þess vegna, þar sem ljós sólarinnar er ekki lögur (liquid), ekki eldur, ekki andi, ekki efni, þá er það— ekki neitt".— Pannig mælti hann, og afleiðingarnar af því að horfa altarf í sólinu urðu þær, að hann misti bæði sjónina og

vitið, og eftir að hann var blindur orðinn, varð hann fyllilega viss um að sólin væri engin til.

Með blinda manninum kom þjónn, og eftir að hafa sett húsbóna sinn í skugga trjánna, tók hann kókó-hnetu og fór að laga úr henni ljósbera. Hann sneri kveik úr tágum og kreisti olíuna ofan í skálina og bleytti þannig í kveiknum. Meðan þjónninn var þetta að aðhafast, stundi gamli maðurinn og segir: „Sagði eg ekki satt, er eg sagði þér að það væri engin sól til. Sérðu ekki hvað er dimt? Og samt segir fólkis að til sé sól,—en hvað getur hún þá verið?“

„Eg veit ekki hvað sólin er“, svaraði þjónninn. „Það kemur mér ekkert við. En eg veit hvað ljós er, því nú er eg búinn að smíða ljósbera og með hans hjálp get eg þjónað þér og fundið það sem þig vanhagar um í kofanum“. Um leið tók hann um skelina og hrópaði: „Þetta er sólin mínn!“

Haltur maður með hækju, er sat þar skamt frá, hló við og sagði:

„Þú hlýtur vissulega að hafa verið blindur alla þína æfi að vita ekki hvað sól er. Eg skal segja þér hvað hún er. Hún er eldhnöttur er kemur upp úr hafinu á morgni hverjum og sezt á bak við fjöllin á eyjunni okkar á kvöldin. Við höfum allir séð þetta, og ef þú hefir sjón mundir þú sannarlega hafa séð það sjálfur“.—Sjómaður, er var þar, tók þá til máls. „Það er auðsjánlegt að þú hefir aldrei farið út úr eyjunni þinni. Ef þú værir ekki haltur og ef þú hefir róið til fiskjar eins og eg, þá vissirðu að sólin sezt ekki bak við fjöllin, heldur beint ofan í hafið. Þetta sem eg segi er öldungis satt, því eg hefi séð það með mínum eigin augum“.

Indverji nokkur, sem var með okkur, tekur þá til máls: „Eg er forviða að nokkur skyndamur maður skuli tala svona. Hvernig getur sólin verið eldhnöttur og farið niður í vatn án þess að kólna út? Sólin er alls ekki eldhnöttur. Hún er gyðja er heitir Deva, sem keyrir óaflátanlega í kerru sinni kringum gullfjallið Meru. Stundum ráðast hinir vondu höggormar Raga og Ketu á Deva og gleypa hana. En prestar vorir biðja þá svo heitt um lausn hennar, að henni er aftur slept. Að eins

þekkingarlausir manngarmar, er aldrei hafa komið út fyrir land steinana geta hugsað, að sólin skíni yfir sitt land að eins“.

Egyptkur skipstjóri tók þá til máls: „Þér farið allir vilt“, sagði hann. „Sólin er ekkigýðja og gengur ekki að eins kringum Indland og gullfjallid. Eg hefi siglt í Svartahafinu, fram með ströndum Arabíu og bœði til Madagaskar og Filipineyjanna. Sólin lýsir jörð alla og ekki Indlandi eingöngu. Hún fer ekki í kringum eitt fjall, heldur rís hún langt í austri fyrir handan Japan og sezt langt í vestri fyrir handan Bretlandseyjar. Þess vegna kalla Japanar land sitt Nippon, það þýðir fæðingarstaður sólar. Eg veit þetta vel, því eg hefi séð mikil sjálfur, en heyrta þó enn þá meira frá afa mínum, sem sigldi höfin á enda“. Hann hefði óefan haldið áfram, hefði ekki enskur sjómaður gegnt fram í:

„Það er ekkert það land til“, sagði hann, „þar sem folk veit eins vel um sólina og á Englandi. Sólin, eins og allir á Englandi vita, kemur hvergi upp og sezt hvergi. Hún er altaf á hraðaferð kringum jörðina. Við getum verið alveg vissir um þetta, því við erum nýbúrir að fara kringum jörðina sjálfir og við rákum okkur hvergi á sólina. Hvert sem við fórum sýndi sólin sig á morgnana, en faldí sig á kvöldin, alveg eins og hún gerir hér“. Og Englendingurinn tók spítu og dró hríng í sandinn og reyndi að útskýra hvernig sólin færi í kringum jörðina, en fann það fljótt að hann var ekki sem bezt fær um að gera það, kallað því á stýrimanninn og segir: „Þarna er maður, er veit enn betur um þetta en eg; hann mun útskýra það“.

Stýriðnaðurinn, sem var mjög skynsamur maður, hafði hlustað þegjandi á samræðuna unz hann var beðinn að taka til máls. Nú snuru sér allir til hans, en hann sagði:

„Þér dragið hver annan á tálar og sjálfa yður einnig. Sólin fer ekki í kringum jörðina. Jörðin fer í kringum sólina og snýst um sjálfa sig á hverjum 24 klukkustundum, ekki að eins í Japan og Filipseyjunum, heldur einnig í Evrópu, Ameríku og Afríku og öllum öðrum löndum. Sólin skín ekki yfir eitt fjall, eyland eða sjó, eða eina jörð, heldur yfir allar pláneturnar jafnt. Ef þið vilduð að eins horfa til himins, en ekki til jarð-

ar, þá mynduð þið eflaust allir skilja þetta, en ekki halda að sólin skíni að eins yfir ykkar eigið land.“

Pannig mælti hinn vitri stýrimaður, sem víða hafði farið um heiminn, en litid eins oft til himins sem til jarðar.

„Pannig er varið með trúarbrögðin“, sagði Kínverjinn, lærisveinn Konfúsusar. „Það er sérgæðingshátturinn og stoltið, er orsakar sundurþykkju og villu meðal mannanna. Hver einn, og sérhver þjóð vill hafa sérstakan guð handa sjálsum sér og landi sínu. Hver þjóð vill inniloka í musteri sínu þann guð, sem allur heimur getur ekki innilukt. Getur nokkurt musteri verið jafnveglegt og musteri það, er guð hefir sjálfur til búið, svo allir gætu sameinast í einni trú. Öll musteri eru eftirmynnd þess eina musteris—guðs eigin heims. Hvert musteri hefir sinn font, sitt innilukta þak, sína lampa, myndir sínar, bækur sínar, lög sín, ölturu sín og sína presta. En í hvaða musteri er slíkur fontur og hafið, slíkt þak sem himininn, slíkir lampar sem sól, tungl og stjörnur, eða nokkrar myndir, er jafnist við sannelskandi menn. Hvar eru til jafnskiljanlegar frásagnir um guðs miskunsemi sem þær, er daglega koma fram í heiminum? Hvar er til nokkur sú lögbók, sem er jafnauðskilin og lög þau, sem skrifuð eru í hvers manns hjarta? Hvaða offur, er jafnist við sjálfsafneitandi hjarta konu og karls? Og hvaða altari getur jafnast við hjarta góðs manns, er guð meðtekur sitt offur frá.

Því æðri sem guðshugmyndin er í manninum, því betur þekkir hann guð, og því betur sem hann þekkir hann, því nær stendur hann honum og breytir eftir hans boðum með miskun og kærleika til meðbræðra sinna og systra.

Látum þann þess vegna, er lítur sólarljósið um heim allan, varast að fyrirlíta hinn hjátrúarfulla, er gegnum sitt eigið smá líkneski sér að eins einn lítinn sólargeisla frá þeirri sömu sól, er lýsir upp alt. Látum hann jafnvel ekki fyrirlíta þann trúlausu, sem orðin er blindur og getur þessvegna ekki séð sólinu“.

Pannig mælti Kínverjinn, lærisveinn Konfúsusar, og allir í kaffisöluhúsinu þögnuðu og rifust ekki framar um hver trúin væri bezt.

B. P. þýddi.

Nokkrir fornmann.

Framhald.

EYJÓLFUR EYJÓLFSSON.

Eyjólfur Eyjólfsson og kona hans Signý Pálsdóttir eru meðal vorra fyrstu landnámsmanna hér í álfu. Þau fluttust hingað til lands sumarið 1876 frá Dagverðargerði í Hróartungu í Norðurmúlasýslu og settust að í Nýja-Íslandi suður við Merkjalæk. Þar dvöldu þau þangað til um vorið 1880 að þau fluttu hingað upp til bæjarins og hafa búið hér síðan.

Þeim hjónum hefir jafnan verið brugðið við fyrir mannúð og drengskap og munu þau óhætt eiga þann orðstýr því þau hafa jafnan viljað láta alt gott af sér leiða hópi vor Íslendinga hér vestra og oftast verið svo á vegi stödd, að hafa getað það í einhverri mynd. Það er ýkjulaust að segja, að frá fyrri árum Íslendinga hér, muni þeir vera margir, lífs eða liðnir, er eiga þeim gott að gjalda. Því var svo varið meðal vor þá, þótt hjálpin væri ekki ætisí í stórum stýl, var hún engu að síður notarík fyrir það. Vér vorum ekki öll mikið fólk þá, inn-



EYJÓLFUR EYJÓLFSSON.

flytjendurnir, og smátt hæfði eins vel smáum, eins og stórt stórum, og gegnir það furðu hve sumir hafa vaxið nú í seinnitið, er tæpast voru þá meira en meðalmenn. Þeir eru orðnir eins og hæstu „ljósastaurar“, er fleygja löngum og mjóum skuggum langa eftir götunni, svo að hálfrökkur leggur yfir leiðina að baki.

Árið 1876 þegar Eyjólfur settist að í Nýja-Íslandi, var harðindaár í nýlendumni. Það hafði fengist þá um haustið hið, á síðan, altæmda stjórnarlán, og við útbýtingu þess var nýlendubúni skift í flokka og settur flokksforingi fyrir hvern hóp, er sá um skiftingu milli sinna manna á mat þeim og bjargaráðum, er fyrir stjórnarveitinguna sékst. Var Eyjólfur skipaður flokksforingi fyrir þá er syðstir bjuggu í nýlendumni. Milli flokksforingja voru fyrst aðalskiftn gerð, og eftir skýrslu, sem vér höfum með höndum, hefir mátt nieta nett þegar farið var að skista í marga staði, því er hverjum var úthlutað, þó tillag stjórnarinnar væri vonum framar mikið. Aldrei hafa þó heyrzt þær kvartanir að nokkrum hafi verið gert ójafnt til, í því er honum bar að úthluta.

Sumarið 1880 fluttu þau hjón alfarin frá Nýja-Íslandi upp til Winnipeg. Var þá þessi bær í sínum forna uppgangi og streymdi hingað fólk sem óðast úr öllum áttum. Íslendingar voru þá orðnir allmargir hér, og höfðu þeir myndað þá ýnis félög, og voru sem óðast að mynda ótal fleiri, eins og þeim er tittr, en ekki urðu þau öll langlíf. Helzt þessara voru: Lútherskur söfnuður, og Gróða eða Framfarafélag. Hið síðarnefnda var hlutafélag, er versla átti með fasteignir og afla á þann hátt meðlimum sínum auðæfa. En bæði var það að asturkippur kom í alla lóðaverslun í bænum og eignir féllu úr geipiverði ofan í lítið sem ekkert, og svo var formenskan tæpast jafngóð og vera hefði þurft, enda urðu afdrif Framfarafélagsins ill og mistu margir í því stór fé. Í félagi þessu var Eyjólfur frá því hann fluttist til bæjarins, unz það féll um koll; var hann um tíma féhirðir þess, en það var eftir að þeir voru farnir frá, er mest höfðu „verslað“, og eignir félagsins orðnar rýrar og verðlitlar.—Eg hefti ávísun dagsetta 25. Maí 1886 á hann sem féhirði, skrifanda af Sigurb. Stefánssyni, er þá var forseti þess.

Það er orðið blessað samkomulag meðal Íslendinga nú, og þeirra innlendu hér í bænum, og telja þeir oss Íslendingum alt til hróss og gildis þegar þeir þurfa eitthvað til vor að sækja. Segja þeir oss þá að íslenzku börnin standi fremst við skólana og þau sé bæði skynsöm og góð. Eitt sinn var sútíð, að minna

heyrðist af lotinu. Því fyrrum voru foreldrar oft í vandræðum með börn sín og viðtökur þær er þau fengu á skólunum. Bæði vorn þau lítið að sér í ensku og svo var notasemin engu meiri en þurfti,—þau voru útlendingar, „bloody Icelanders“, og fengu þau oft að heyra það hjá innlendum jafnöldrum.

Þeirra hluta vegna stofnuðu því Íslendingar skóla sín á meðal haustið 1881, og var Eyjólfur féhirðir skólans. Skólanum var haldið uppi með frjálsum samskotum (hlutaveltum o. s. frv) mest frá ungu fólk, er vann í vistum eða á daglaun. Tveir kennarar voru ráðnir við skólann, Kristján Jónsson, bróðir Tómasar lögmanns, borgað \$30 um mánuðinn, og Kristrún Ólafsdóttir, með \$15 kaup. Síðast um vorið '82 kendi Magnús Pálsson í stað Kistrúnar, mánuð og eina viku.

Meðan á trúmáladeilunum stóð í Nýja-Íslandi hallaðist Eyjólfur yfir á hlið séra Jóns, er þá hélt fram frjálsari stefnu í kyrkjumálum, og er hingað kom til bæjarins gerðist hann brátt meðlimur Lútherska safnaðarins. En ýmsra orsaka vegna sagði hann sig úr þeim félagskap nokkrum árum síðar. Það varð bráðlega ljóst, að trúarfrjálslyndi átti þar enga framtíð, enda hjaðnaði strax sú bóla, er risið hafði í Nýja-Íslandi í trúmáladeilunum þar, þegar séra Páll Þorláksson dó, en það var '82.

Þegar unitariski söfnuðurinn myndaðist gengu þau hjón strax í hann og hafa þau staðið þar síðan.

Eyjólfur var að ýmsu riðinn við fyrstu blaðamál Ísl. hér. Hann var styrktarmaður blaðsins Leifs, er byrjaði að koma út árið 1883, og þegar Heimskringla var sett á stofn studdi hann það fyrirtæki.

Eyjólfur er fæddur 1. Nót. árið 1844 á Aðalbóli á Jökuldal í N. Múlasýslu. Í móðurætt telst hann til hinnar svonefndu Rafnsættar í Hróarstungu eystra. Föðurætt hans er að norðan og rakin til Pórðar Vídalíns. Árið 1868, 4. Nót., kvongaðist hann Signýu Pálsdóttur frá Dagverðargerði í Hróarstungu. Þau hjón hafa eignast sex börn og eru öll dáin nema einn sonur, Ásmundur, sem búsettur er hér í bænum.

Þau hjón hafa allið upp nokkur fósturbörn og reynzt þeim ástríkir foreldrar. Eru þau nú farin að eldast, en halda þó heilsu og kröftum allvel enn.